

Norðurlönd, saman

Formennskuáætlun
Finnlands 2021



Norræna
ráðherranefndin

Efnisyfirlit

Ávarp Sönnu Marín forsætisráðherra	3
Formáli samstarfsráðherranna	5
Inngangur	7
Græn Norðurlönd	9
Samkeppnishæf Norðurlönd	12
Félagslega sjálfbær Norðurlönd	15
Saman	18
Um ritið	19

Ávarp Sönnu Marin forsætisráðherra



Sanna Marin forsætisráðherra – myndskaið með ávarpi má sjá í [netútgáfunni](#)

Árið 2021 er formennska í Norrænu ráðherranefndinni í höndum Finna, og sama ár verða 50 ár liðin frá því að ráðherranefndin var sett á fót. Í heimi sem einkennist af stöðugum breytingum verður styrkur okkar Norðurlandabúa þeim mun meiri sem við vinnum meira saman. Við viljum styrkja norrænt samstarf og tókumst á við formennskuárið af miklum áhuga, í samvinnu við landsstjórn Álandseyja.

Heimsfaraldurinn sem hófst á árinu 2020 varpar skýru ljósi á þörfina á ríkjasamstarfi bæði á vettvangi heimsins alls og í Evrópu sem og á afmarkaðri svæðum. Aukið samstarf er einnig eitt af því sem Norðurlandabúar ætlast til af stjórnvöldum. Auk ferðafrelsis milli landa er nú efst á baugi samstarf sem snýr að öruggu framboði matvæla og lyfja og viðbúnaður vegna áfalla í framtíðinni.

Við höfum átt með okkur samstarf á alþjóðavettvangi um baráttuna gegn loftslagsbreytingum um þriggja áratuga skeið. Áratuginir sem nú fara í hönd munu ráða úrslitum um hvort okkur tekst að tryggja mannkyninu viðunandi lífsskilyrði. Samstarf Norðurlanda styrkir aðgerðirnar sem löndin hafa ráðist í hvert um sig til að ná fram kolefnishlutleysi. Úrlausnarefnin ná til heimsins alls og enginn getur tekist á við þau án hjálpar annarra. Norðurlandabúar njóta mikils álits vegna kunnáttu sinnar á þessu sviði. Norrænu ríkin gegna forystuhlutverki í þeirri viðleitni að ná loftslagsmarkmiðunum.

Norræna velferðarkerfið stuðlar að því að félagslegt réttlæti verði ekki fyrir borð borið í tengslum við umskiptin sem þessu fylgja. Meginstoðir velferðarkerfis okkar eru lýðræði, réttarríkið, skilvirk stjórnsýsla, gagnsæi, traust og öflugt borgaralegt samfélag. Kerfið tryggir öllum jafna möguleika til árangurs. Undir þetta fellur einnig heilsugæsla og félagsleg öryggisnet. Allir eiga þess kost að afla sér menntunar, leita sér starfsframa og reka fyrirtæki. Ég er þess fullviss að Norðurlönd hafa einmitt af þessum sökum átt auðvelt með að takast á við aðlögun, breytingar og endurnýjun, og það hefur síðan verið mikilvæg undirstaða árangurs í heimi hraðra breytinga.

Forsætisráðherrar norrænu ríkjanna hafa mótað þá framtíðarsýn að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Með það fyrir augum vinnur Norræna ráðherranefndin nú að markmiðinu um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Finnar eru reiðubúnir að bretta upp ermarnar og ganga til þessa verks.

Formáli samstarfsráðherranna

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Á formennskutíma Finna viljum við halda áfram af miklum metnaði því starfi sem önnur lönd hófu á sínum formennskutíma og koma í verk framkvæmdaáætluninni sem samþykkt hefur verið fyrir árin 2021–2024. Við hyggjumst starfa með Norðurlandaráði, kalla norrænt atvinnulíf til samvinnu og virkja almannasamtök. Í öllum þáttum samstarfsins skal hafa í huga jafnréttissjónarmið og hagsmuni barna og ungmenna.

Ársins 2020 verður minnst í sögunni sem árs ófyrirsjáanlegra áfalla. COVID-19-faraldurinn hefur valdið þjáningum, fjárhagslegum skaða og félagslegum vanda og reynt á þanþol samfélagsins. Framtíðin er mörkuð óvissu og faraldrinum er ekki lokið. Afleiðingarnar sem hann hefur haft í samfélaginu reyna áfram á styrk norræns samstarfs og snerta öll fagsvið og ráðherranefndir. Við þetta bætist að loftslagsvandinn hefur ekki farið minnkandi. Þvert á móti. Við verðum að axla þá ábyrgð að tryggja mannkyninu viðunandi afkomu á byggilegri jörð í framtíðinni. Í þessari auknu óvissu er þó fólgið að minnsta kosti eitt tækifæri: Öll áföll opna nýjar leiðir til fjárfestinga í framtíðinni, einnig fyrir Norðurlönd, saman.

Sú fyrirætlan að koma í verk framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um sjálfbær og samþætt Norðurlönd árið 2030 stendur óhöggvæn. Formennskuáætlunin endurspeglar áherslusviðin þrjú sem felld hafa verið undir framtíðarsýnina: græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Einkunnarorð framtíðarsýnarinnar – sjálfbærni og samþætting – ganga gegnum kaflana eins og rauður þráður, og formennskuverkefnin eru sniðin að því markmiði að takast á við úrlausnarefni sem styðja markmið framtíðarsýnarinnar og stuðla að fastmótuðum sameiginlegum norrænum lausnum.

Aðgerðir til að bregðast við heimsfaraldrinum hafa enn á ný leitt í ljós hversu miklar og jákvæðar væntingar Norðurlandabúar hafa til norræns samstarfs. Áður en faraldurinn hófst virtist sjálfsagt að við gætum stundað nám, sótt vinnu, verslað og flutt varning, ferðast og heimsótt vini og ættingja hvarvetna á Norðurlöndum án þess að landamæri væru þar nokkur hindrun. Formennskulandið er sér meðvitandi um vandkvæðin sem nú eru á ferðum milli landanna og vill efla samstarf norrænu ríkjanna á því sviði. Nú er einnig færi á að kanna hvernig við getum þróað samstarf okkar til þess að verða betur undir áföll búin í framtíðinni, saman.

Á árinu 2021 verða 50 ár liðin frá stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Afmælisárið gefur okkur bæði tilefni til að fagna og til að stilla saman strengi. Grundvöllur samstarfsins er eftir sem áður sameiginleg gildi okkar, svipaðar samfélagsstofnanir landanna og samkennd sem á rætur sínar meðal íbúanna sjálfra. Með framtíðarsýninni er markað nú sett hærra en nokkru sinni áður og Norðurlönd takast enn á ný á við framtíðina saman.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030.

Formennskulandið er sér meðvitandi um vandkvæðin sem nú eru á ferðum milli landanna og vill efla samstarf norrænu ríkjanna á því sviði.



Thomas Blomqvist og Annette Holmberg-Jansson samstarfsráðherrar



Inngangur

Meira og nánara norrænt samstarf – það er krafa Norðurlandabúa. Á öllum Norðurlöndum hafa væntingar um þetta aukist undanfarin ár sökum þess að vandinn sem heimsbyggðin á við að glíma fer sífellt vaxandi og óvissa eykst í samskiptum ríkja bæði í Evrópu og á alþjóðavettvangi. Samstarfið getur skilað okkur miklu. Saman búum við að meiri visku og erum sterkari en hvert í sínu lagi.

Ýmissa merkra tímamóta verður minnst á árinu 2021. Því verður fagnað að liðin eru 100 ár frá því að Álandseyjar fengu sjálfstjórn og 50 ár frá stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Innan vébanda ráðherranefndarinnar starfa átta norrænar ríkisstjórnir saman að því að byggja upp sameiginlega, sjálfbæra framtíð. Norðurlönd leggja með rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun sitt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, ósjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og öðrum vandamálum sem standa í vegi fyrir sjálfbærri þróun og verða sífellt meira aðkallandi. Í tengslum við norrænt samstarf er þess sérstaklega vænst að við Norðurlandabúar getum stundað nám og vinnu, rekið fyrirtæki, flust búferlum, ferðast og stofnað fjölskyldu óháð landamærum norrænu ríkjanna. Samstarf annarra ríkja í Evrópu styður þessa viðleitni okkar og myndar tengsl milli samþættingar Norðurlanda annars vegar og allra ríkja í álfunni hins vegar. Samstarf um að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi hefur þróast í rétta átt undanfarin ár en ýmsar alvarlegar hindranir eru þó enn fyrir hendi og nýjar verða til. Sameinaður vilji á vettvangi stjórnmálanna er nauðsynleg forsenda þess að settum markmiðum verði náð.

Á vegferðinni í átt til sjálfbærrar þróunar og meiri samþættingar Norðurlanda hafa áföll, góður árangur og óvæntir afturkeppir skipst á. COVID-19-faraldurinn hefur haft margs konar afleiðingar á sviði efnahagsmála, velferðarmála og alþjóðasamvinnu. Þar má nefna að með þeirri ákvörðun að banna Norðurlandabúum ferðir yfir landamærin milli ríkja okkar var vegið að sjálfum kjarna norræns samstarfs, sem er sameiginlegur vinnumarkaður og ferðafrelsi milli landanna. Til þess að fullnægja þeirri framtíðarsýn að Norðurlönd verði samþættasta svæði heims verðum við eftir því sem kostur er að takast á við áföll í sameiningu og standa vörð um rétt fólks til að ferðast óhindrað og stunda verslun og viðskipti á landamærasvæðum, svæðum sem eru einn vinnumarkaður og efnahagssvæðum. Heimsfaraldurinn og erfiðleikarnir við að takast á við hann hafa einnig sýnt það með skýrum hætti, enn á ný, að gott

samstarf er ekki aðeins æskilegt heldur lífsnauðsynlegt í bókstaflegum skilningi. Brýn þörf er til að mynda á því að efla samstarf Norðurlanda á sviði viðbúnaðarmála, ekki síst til að tryggja nægilegt framboð lyfja og matvæla.

Markvissar, sameiginlegar aðgerðir gegn faraldrinum í löndum okkar hafa enn og aftur staðfest að nægilega traust áform geta skapað pólitískar forsendur til að hafa stjórn á þróun mála. Markvisst starf af þessu tagi hefur þegar unnið sér nokkurn sess í samstarfi okkar. Þegar forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu Framtíðarsýn okkar 2030 í ágúst 2019 voru þeir á einu máli um þær væntingar, úrlausnarefni og möguleika sem tengjast norrænu samstarfi. Framtíðarsýnin festir sjálfbærni og samþættingu í sessi sem meginstef norræns samstarfs. Með öflugri grænum áherslum, aukinni samkeppnishæfni og meiri félagslegri sjálfbærni er að því stefnt að Norðurlönd verði orðin samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030. Á formennskutíma Finna árið 2021 verður vinnan við Framtíðarsýn okkar 2030 í höndum ríkisstjórnar Finnlands og landsstjórnar Álandseyja sameiginlega.

Saman búum við að meiri visku og erum sterkari en hvert í sínu lagi.

Heimsfaraldurinn og erfiðleikarnir við að takast á við hann hafa einnig sýnt það með skýrum hætti, enn á ný, að gott samstarf er ekki aðeins æskilegt heldur lífsnauðsynlegt í bókstaflegum skilningi. Brýn þörf er til að mynda á því að efla samstarf Norðurlanda á sviði viðbúnaðarmála.



Græn Norðurlönd

Við Norðurlandabúar höfum sterk tengsl við heiðar okkar og skóglendi, eyjar okkar, höf og stöðuvötn, jökla okkar og fjöll. Okkur er annt um ævafornt samband okkar við akrana, úthagann og veiðivötnin. Þau gríðarerfiðu úrlausnarefni sem fylgja COVID-19-faraldrinum og baráttunni við hann hafa á ný leitt okkur fyrir sjónir að allar þjóðir heims deila einni og sömu jörð. Öryggi okkar og afkoma, nú og um alla framtíð, er háð samspili okkar við dýr og náttúru.

Leiðarljósið í öllu norrænu samstarfi er **sambætting** og **sjálfbær þróun**. Hreint umhverfi, samfélag sem nýtir auðlindir af skynsemi, stöðugt loftslag og fjölbreytni í lífríkinu hafa reynst æ mikilvægari forsendur þess að viðhalda velferð mannkyns og burðarþoli jarðarinnar. Börn og ungmenni eiga ekki aðeins mikið undir því að fylgt sé framtíðarmiðaðri sjálfbærnistefnu, heldur eiga þau frumkvæði að ýmsum málum og fylgja þeim eftir. Umskiptin sem nauðsynlegt er að ráðast í af tilliti til umhverfisins verða að byggjast á réttlæti, jafnræði þjóðfélagshópa og kynjavitund og vera réttmæt í lýðræðislegum og félagslegum skilningi. Til þess að ná þeim fram er jafnframt nauðsynlegt að nýsköpun sé stunduð í atvinnulífinu og að því séu búnar góðar rekstrarforsendur. Sambætting norrænu ríkjanna getur stuðlað að aukinni sjálfbærni á Norðurlöndum og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Norðurlönd sýndu það til að mynda snemma með samstarfi sínu í orkumálum að ekki er aðeins mögulegt heldur líka æskilegt að vinna samhliða að auknum hagvexti og nauðsynlegum umskiptum í þágu sjálfbærni.

Finnar vilja á formennskutíma sínum stuðla að uppbyggingu hringrásarhagkerfis sem byggist á nýtingu lífrænna efna, vinna gegn hnignun fjölbreytni í lífríkinu, efla verndun hafsins og hraða umskiptum í átt að kolefnishlutleysi á Norðurlöndum í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu norrænu forsætis- og umhverfisráðherranna frá því í janúar 2019. Finnar hyggjast vinna að sérstöku formennskuverkefni sem snýst um uppbyggingu **þekkingarnets um hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði**. Af

allri notkun náttúruauðlinda í heiminum stafar um helmingur af starfsemi í byggingariðnaði og þar á sér stað mikil losun koltvísýrings.

Í samræmi við framtíðarsýn sína hafa norrænu ríkin skuldbundið sig til að auka enn samstarf sitt um að hvetja til aukinna aðgerða í umhverfis- og loftslagsmálum á alþjóðavettvangi. Þjóðir heims þurfa að taka höndum saman til að viðhalda fjölbreytni lífríkisins jafnt í hafi sem á landi og það mikilvæga starf krefst einnig framlags af hálfu Norðurlanda, bæði heima fyrir og með metnaðarfullu átaki til að hafa áhrif á önnur ríki. Á formennskutíma Finna verður unnið að norrænu samstarfi um aukin áhrif á alþjóðlegt starf á sviði loftslagsmála, til að mynda í tengslum við alþjóðlegar viðræður um loftslagsmarkmið Parísarsamkomulagsins á árinu 2021 og viðræður um ný markmið á grundvelli samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD).

Heimsfaraldurinn hefur varpað skýru ljósi á það hversu háð mannkynið er náttúrunni, dregið fram nauðsyn þess að tryggja öruggt framboð matvæla og jafnframt minnt okkur á ýmsar þær ógnir sem stafað geta af loftslagsbreytingum. Á Norðurlöndum er loftslagið víðast hvar svipað og skilyrði til matvælaframleiðslu eru einnig sambærileg, en ólík því sem gerist í öðrum heimshlutum. Norrænu ríkin geta starfað saman að því að koma sér upp matvælaframleiðslu sem er loftslagsvæn og aðlöguð loftslagsbreytingum. Á formennskutíma Finna verða helstu viðfangsefnin á þessu sviði sjálfbær matvælaframleiðslukerfi og holl, sjálfbær fæðuefni. Einnig þarf að vinna að öruggu framboði matvæla til að bæta viðbúnað, ekki síst vegna aukins vanda sem tengist breytingum á loftslagi, hlutverki náttúrunnar og rýrnandi framlags frá vistkerfinu.

Orkuframleiðslu stendur meðal annars ógn af auknum öfgum í veðurfari og við verðum sífellt háðari öruggu raforkuframboði, sem þó hefur verið unnt að tryggja til þessa á norrænum orkumarkaði. Við umskiptin í átt að kolefnishlutleysi á Norðurlöndum verður einnig að gera orkuframleiðsluna hreinni. Hér er þörf á nýjum lausnum, ekki síst í greinum þar sem minni losun er erfiðleikum bundin. Á formennskutíma Finna verður áhersla lögð á snjalllausnir sem stuðla að samþættingu ólíkra atvinnuvega, til dæmis með rafvæðingu. Á árinu 2021 verður einnig unnið að nýrri útgáfu samstarfsáætlunar í orkumálum.

Margar borgir á Norðurlöndum hafa fengið það orð á sig að vera í hópi sjálfbærustu þéttbýlisstaða í heimi. Sveitarfélög á Norðurlöndum hafa vakið athygli umheimsins fyrir samfélagsstarfsemi á grundvelli sjálfbærra lausna sem hlífa umhverfinu og stuðla að vellíðan íbúanna. Þéttbýlisstaðir gegna lykilhlutverki í vinnunni að loftslagsmarkmiðunum. Þeir geta þjónað sem vettvangur þróunarvinnu og stuðlað þannig að þróun nýrrar tækni og uppbyggingu atvinnustarfsemi á grundvelli hennar. Stuðlað verður að auknu samstarfi um sjálfbærar lausnir á vettvangi þéttbýlisstaða og sveitarfélaga. Áhersla verður einnig lögð á jafnræði landshluta, strjálbýl svæði, málefni frumbyggjapjóða og sérstakar aðstæður á norðurskautssvæðunum.

Öryggi okkar og afkoma, nú og um alla framtíð, er háð samspili okkar við dýr og náttúru.

Norrænu ríkin geta starfað saman að því að koma sér upp matvælaframleiðslu sem er loftslagsvæn og aðlöguð loftslagsbreytingum.



Samkeppnishæf Norðurlönd

Norðurlöndum hefur á margan hátt tekist vel á liðnum árum að láta nýsköpun og efnahagslíf í vexti þróa samhliða samfélagi sem tekur tillit til allra sjálfbærnimarkmiðanna, bæði að því er varðar félagslegan jöfnuð og umhverfisvernd. Dæmi um þetta er að vel rekin menntakerfi og félagsleg stuðningskerfi gefa ungu fólki úr ólíkum samfélagshópum möguleika á að eflast í námi og starfi og stuðla þannig að aukinni samkeppnishæfni landa okkar. Kynjajafnrétti á vinnumarkaði örvar hagvöxt með því að auka framboð á hæfu starfsfólki. Sameiginlegi raforkumarkaðurinn er dæmi um að samkeppnishæfni, náin **samþætting** og **sjálfbærni** eru þættir sem hafa stuðning hver af öðrum, en hann sýnir einnig skýrt hvernig norrænt samstarf getur sem slíkt ráðið úrslitum um efnahagslegar framfarir í löndunum.

Nauðsynlegt er að nýta takmörkuð opinber framlög með árangursríkum hætti á næstu árum til að vinna að markmiðum meðal annars á sviði atvinnu-, velferðar- og umhverfismála. Gæta verður að jafnvægi í þessum aðgerðum og taka jafnframt tillit til jöfnunarsjónarmiða. Velferðarhagfræðileg nálgun byggist á þeirri hugmynd að náin og gagnkvæm tengsl séu milli hagvaxtar, atvinnusköpunar og velferðar.

Margir atvinnurekendur, launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa orðið að þola mikla tekjuskerðingu og því er mjög aðkallandi að huga að samkeppnishæfni norrænu ríkjanna. Mikilvægt er að tryggja að norrænt samstarf stuðli að hröðum efnahagsbata í kjölfar yfirstandandi faraldurs og auðveldi um leið umskipti ríkjanna í átt að kolefnishlutlausu samfélagi með fullnægjandi umhverfisvernd. Heimsfaraldurinn hefur haft afar víðtæk áhrif á mörgum sviðum atvinnulífsins, auk þess sem breytingar á vinnumarkaði og vistkerfistengd úrlausnarefni munu kalla á aukna fagþekkingu starfsfólks. Þegar faraldurinn lýkur er mikilvægt að beina athyglinni að því að styrkja bæði efnahagslegt og samfélagslegt þanþol ríkjanna. Til þess að svo megi verða þurfa að koma til aðgerðir á vettvangi sveitarfélaga, héraða, ríkja og Norðurlanda í heild.

Menntun, vísindi, tækninýjungar og hringrásarhagkerfi sem byggist á nýtingu

lífrænna efna verða mikilvægir lyklar að nýrri tegund sjálfbærs hagvaxtar. Nýjungar á vinnumarkaði og í atvinnulífi munu einnig létta vinnuna við að koma hagvexti aftur af stað og má þar nefna tengihagkerfið, félagslega nýsköpun og fjölgun þeirra sem hafa fleiri en eitt heimili eða vinnustað, auk fjölgunar starfa sem eru óháð vinnustað og meiri útbreiðslu stafrænnar tækni. Æ ríkari kröfur eru gerðar um hæfni og endurmenntun starfsfólks. Norrænt samstarf um vinnumál og kynjajafnrétti, sem staðið hefur mjög traustum fótum, tekur nú breytingum í takt við sviptingar á vinnumarkaði sem m.a. má rekja til loftslagsbreytinga, breyttrar íbúasamsetningar, aðlögunar nýrra íbúa landanna og nýjunga í mennta- og tæknimálum. Ferðaþjónusta hefur verið gríðarmikilvæg atvinnugrein í mörgum sveitarfélögum og landamærabýggðum og annars staðar á Norðurlöndum og ferðatakmarkanir hafa því valdið miklum erfiðleikum þar. Framtíð ferðaþjónustunnar er háð því að fólk geti stundað örugg ferðalög sem eru jafnframt sjálfbær í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti.

Finnar hyggjast á formennskutíma sínum stuðla að frekari þróun nýsköpunar og stafrænnar samþættingar á Norðurlöndum, m.a. á grundvelli eigin formennskuverkefnis sem miðast að því að **greiða fyrir athöfnum daglegs lífs og hreyfanleika milli landanna með stafvæðingu**. Unnið verður að þessu með því að stuðla að skilvirkari gagnasendingum milli stjórnvalda á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum hvenær og hvar sem landamæratengdir atburðir í lífi fólks gefa tilefni til. Undir verkefnið fellur áttak til að efla heilsugæslu með aðstoð stafrænnar tækni og einnig verður stuðlað að notkun stafrænna lausna í löggjafarsamstarfinu.

Starfsemi í samfélaginu er í æ ríkari mæli háð gögnum og upplýsingum og þekkingu og þjónustu sem byggð er á slíkum gögnum. Norðurlönd standa að mörgu leyti vel að vígi á alþjóðavettvangi í samkeppni sem einkennist af hraðri þróun stafrænna lausna. Vel starfhæfir og sveigjanlegir vinnumarkaðir, fjölbreytt þekking og áframhaldandi framfarir í rannsóknum og nýsköpun eru forsendur þess að við getum nýtt styrkleika okkar til fulls og fært okkur í nyt sóknarfærin sem grænn hagvöxtur og stafvæðing skapa. Norðurlöndin geta einnig unnið saman að uppbyggingu nýrrar stafrænnar þjónustu og hversdagslausna. Unnið verður að þessu markmiði í samræmi við yfirlýsinguna Digital North 2.0 og sameiginlega áætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna fyrir árin 2021–2024 um að efla stafrænan hreyfanleika með aðgengi að stafrænum lausnum. Það verður áfram mikilvægur þáttur í starfi ráðherranefndarinnar að stuðla að samþættingu landanna á grundvelli 5G-tækninnar. Stafvæðingu má einnig nýta til að byggja upp sveigjanlegri þjónustu við notendur í strjálbýli.

Í framtíðinni verður unnt að beita gervigreind til að gera íbúum og fyrirtækjum auðveldara að sækja sér þjónustu á hentugum tíma og í samræmi við aðstæður hverju sinni. Frekari þróun finnsku áætlunarinnar AuroraAI getur í framtíðinni skapað nýja möguleika í daglegu lífi Norðurlandabúa á landamærasvæðum.

Það er nú orðið mjög áríðandi að auka möguleika Norðurlandabúa til ferða milli landanna eftir það hlé sem varð á þeirri vinnu þegar komutakmarkanir voru settar. Þegar eðlilegt ástand er aftur komið á verður meiri þörf en nokkru sinni áður á að stuðla af fremsta megni að auknum hreyfanleika. Mikilvægt er að treysta norrænan heimamarkað í sessi og tryggja íbúum Norðurlanda möguleika á að stunda þar nám

og vinnu, flytjast búferlum, reka fyrirtæki og stofna fjölskyldu með minnstu hugsanlegum vandkvæðum vegna landamæra ríkjanna. Finnar vilja á formennskutíma sínum auðvelda fólki ferðir milli norrænu ríkjanna og leggja sitt af mörkum í vinnunni við að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir. Núverandi starfstímabili Stjórnsýsluhindranaráðs lýkur á árinu 2021 og gefa þarf ráðinu nýtt umboð til að það geti haldið störfum sínum áfram á tímabilinu 2022–2025. Mest áhersla verður lögð á að leysa stjórnsýsluhindranir sem lúta að réttinum til félagslegra bóta, vandkvæðum á sviði skattamála og starfsréttinda, og samræmingu sérstakra byggingareglugerða, svo og á að fyrirbyggja að ráðstafanir sem gripið kann að vera til vegna áfalla í framtíðinni bitni á vinnunni við afnám stjórnsýsluhindrana. Lokið verður við að taka afstöðu til allra hindrana sem skráðar hafa verið í gagnagrunn stjórnsýsluhindrana. Samstarf um innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins verður styrkt. Áfram verður unnið að norræn-baltneska verkefninu um sameiginleg rafræn auðkenni (NOBID), en í tengslum við það hefur verið þróað kerfi sem gerir kleift að nýta rafræn skilríki milli Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna. Stutt verður við verkefni Norðurlandaráðs um að koma á samnorrænu kerfi fyrir rafræna auðkenningu með það að markmiði að tryggja örugga og áreiðanlega auðkenningu í samræmi við eIDAS-reglugerðina. Á formennskutímanum verður stuðlað að upptöku aðferða sem reynst hafa vel á Norðurlöndum og notkun góðra starfshátta með það að markmiði að gera úthlutun auðkennisnúmera í hverju landi sveigjanlegri og greiða þannig fyrir rafrænni stjórnsýslu. Þá verða stjórnvöld hvött til að efla rafræna þjónustu sína með þeim hætti að notast megi við auðkennisnúmer hinna norrænu ríkjanna beint þegar þannig stendur á að engin fullnægjandi ástæða er til að úthluta einstaklingi innlendu auðkennisnúmeri. Unnið verður að því að fækka stjórnsýslulegum og lagalegum hindrunum í vegi samnorrænna rannsókna, meðal annars í læknavísindum, sem byggjast á gögnum í skrá mismunandi stjórnvalda.

Norrænar sjálfbærnilausnir geta einnig nýst í öðrum heimshlutum. Norræna ráðherranefndin og norrænu nýsköpunarstöðvarnar í Asíu og Norður-Ameríku eiga þess kost að styðja verkefni sem löndin vilja ráðast í saman. Áætlað er að fleiri viðburðir undir heitinu Nordic Talks verði haldnir á árinu 2021. Finnar vilja á formennskutíma sínum stuðla að efnahagsbata í heiminum á grundvelli grænna lausna („Building Back Better and Greener“), kynna grænar norrænar lausnir annars staðar í heiminum, og kalla eftir hugmyndum um hvernig standa megi að sameiginlegum stuðningi við útflutningsgreinar.

Menntun, vísindi, tækninýjungar og hringrásarhagkerfi sem byggist á nýtingu lífrænna efna verða mikilvægir lyklar að nýrri tegund sjálfbærs hagvaxtar.

Mikilvægt er að treysta norrænan heimamarkað í sessi og tryggja íbúum Norðurlanda möguleika á að stunda þar nám og vinnu, flytjast búferlum, reka fyrirtæki og stofna fjölskyldu með minnstu hugsanlegum vandkvæðum vegna landamæra ríkjanna.



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Norðurlöndin hafa öll verið í fremstu röð þeirra ríkja sem láta sér annt um **sjálfbæra þróun**, og skýr tengsl eru milli slíkrar viðleitni og mikillar samkenndar og trausts í samfélaginu. Segja má að sérstök norræn nálgun sé að baki velferð og umhyggju um heilsu og grunnframfærslu almennings á Norðurlöndum, þótt hvert ríkjanna fari að mörgu leyti sínar eigin leiðir, og er það ein birtingarmynd **sambættingar** á Norðurlöndum. Sú efnahagslega og félagslega kreppa sem nú er hafin hefur í þessu samhengi reynst erfiðara úrlausnarefni en nokkuð annað sem Norðurlönd hafa þurft að glíma við um langt skeið. Ef ekki er gripið í taumana er hætt við að fjölgun gjaldþrota og aukið atvinnuleysi bitni á félagslegum jöfnuði og geðheilbrigði, en afleiðingar þess geta til að mynda orðið einangrun, heimilisofbeldi, misnotkun og tilhneiging til að ánetjast öfgahyggju. Undirliggjandi eru ýmis úrlausnarefni í íbúa- og byggðamálum sem nauðsynlegt er að takast á við. Samstarf norrænu ríkjanna er til mikilla hagsbóta fyrir þau.

Mikilvæg forsenda nýrra lausna í framtíðinni er að ráðist verði í samstarf þvert á málafnasvið, m.a. með samræmdri stefnumótun í atvinnu-, byggða-, húsnæðis-, atvinnu-, mennta- og menningarmálum, svo og í félags- og heilbrigðismálum, allt í þeim tilgangi að tryggja félagslega sjálfbærni og öfluga velferðarþjónustu í samfélagi hraðra breytinga. Nauðsynlegt er að verja stöðu þeirra sem tilheyra einkar viðkvæmum hópum með sérsniðnum aðgerðum sem vinna einnig gegn aðskilnaði þjóðfélagshópa. Á formennskutímanum verður fylgt eftir vinnunni sem þegar er hafin við að bæta félags- og heilbrigðisþjónustu í strjálbýli og leitast við að efla þverfaglega nálgun á því sviði. Þá er áætlað að á árinu 2021 verði unnið að athugun á því hvernig verja megi réttindi einstaklinga með fötlun á tímum þegar óvenjulegar aðstæður skapast.

Á sviði heilbrigðismála hefur heimsfaraldurinn leitt það skýrt í ljós að þörf er á nánara norrænu samstarfi til að tryggja framboð á lyfjum, bóluefnum og hlífðarbúnaði, og viljum við vinna að þróun slíks samstarf á formennskutímanum, auk aðgerða sem snúa að sýklalyfjaónæmi og heilbrigði manna í samspili við dýr og

náttúru („One Health“). Yfirstandandi faraldur hefur einnig stuðlað að upptöku stafrænna starfsaðferða á sviði heilsugæslu og lækninga. Nota má slíka tækni einkum til að veita öldruðu fólki í strjálbýli sveigjanlegri þjónustu. Á Evrópuráðstefnunni HIMSS, sem haldin verður í Helsingfors í júní 2021 og snýst einkum um stafvæðingu og tæknimál á sviði heilsugæslu og lækninga, eiga Norðurlönd þess kost að kynna sína nálgun sérstaklega.

Lýðræði, réttarríkið og grundvallarréttindi eru gildi sem eiga undir högg að sækja víða í heiminum en almenn tiltrú er á þau meðal Norðurlandabúa. Dæmi um atriði sem einkenna Norðurlönd sérstaklega eru tjáningarfrelsi, jöfnuður og opin og ábyrg stjórnsýsla. Til þess að styrkja þessi gildi verðum við að þróa lýðræðis- og réttarkerfið enn frekar, auk þess að vinna gegn spillingu og fyrirbyggja og uppræta afbrot. Til þess að baráttan gegn mansali skili viðunandi árangri þurfa Norðurlönd að eiga með sér náið samstarf.

Áhugi almennings á að taka virkan þátt í ákvarðanatöku í samfélaginu og móta hana og hæfnin til að skoða villandi upplýsingar með gagnrýnum augum hvílir á góðri menntun almennings og velferðarríki sem er félagslega sjálfbært. Krísur af því tagi sem heimsfaraldurinn hefur valdið eru ávallt alvarleg ógn við grundvöll lýðræðisins og reyna á þanþol samfélagsins. Finnar hyggjast á formennskutímanum vekja sérstaka athygli á lýðræði, lýðræðislegri sjálfbærni og samfélagslegu þanþoli.

Samfélagslegur jöfnuður og kynjajafnrétti eru óhagganleg gildi norrænna samfélaga. Á formennskutíma Finna verður horft til atriða sem varða jafnrétti kynjanna í starfi allra ráðherranefndanna. Unnið verður að eflingu sérstakrar áætlunar um réttindi LGBTI fólks.

Listir, menning, íþróttir og ungmennastarf endurmóta samfélagið og skapa forsendur fyrir vellíðan íbúanna og jafnræði þjóðfélagshópa, og greiða þannig götu sjálfbærrar þróunar. Aðgangur að menningu og listum, og tækifæri til ástundunar þeirra, eru einnig grundvallarforsenda þess að við getum skilið, brugðist við og unnið úr nýjum aðstæðum og úrlausnarefnum – svo sem nauðsynlegri eflingu græna hagkerfisins eða óvæntum krísum á borð við COVID-19-faraldurinn. Á formennskutíma Finna verður stuðlað að notkun aðferða sem ýta undir skapandi hugsun og almenna þátttöku, til að mynda á grundvelli stafrænna lausna.

Samkennd Norðurlandabúa byggist á djúpstæðri tilfinningu fyrir sameiginlegu gildismati ásamt persónulegum samböndum og ýmiss konar reynslu allt frá barnæsku. Með samnorrænu starfi í þágu barna og ungmenna, Nordplus, Nordjobb og nemendaskiptum milli skóla og menntastofnana, er lagður grundvöllur að samþættingu þjóðanna í framtíðinni. Hæfni í notkun stafrænna miðla skiptir afar miklu máli um samfélagsþátttöku og hversdagslíf ungmenna. Börn og ungmenni tilheyra almannasamfélaginu og full ástæða er einnig til að auka þátttöku þeirra í norrænu samstarfi. Halda má fundi þar sem ungmenni, embættismenn og sérfræðingar hittast með því að nýta ýmsa stafræna tækni sem þegar er fyrir hendi. Huga ber að samstarfsaðferðum sem enn eru á tilrauna- eða þróunarstigi. Í ágúst/september 2021 verður haldin á Álandseyjum svonefnd „ReGeneration“-vika þar sem ólíkar kynslóðir hittast til að skiptast á skoðunum og er skipulagning hennar í höndum ungmenna frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum.

Gagnkvæmur tungumálaskilningur ýtir undir ferðir fólks milli norrænu ríkjanna og styrkir samkennd. Árið 2021 verður því fagnað að 15 ár eru liðin frá norrænu tungumálafirlýsingunni. Í henni eru tilgreind málefnasvið sem norrænu ríkin sammælast um að leggja áherslu á í tungumálastefnu sinni. Stuðlað verður að endurskoðun yfirlýsingarinnar í samvinnu við mennta- og menningarsvið.

Félagsleg samþætting Norðurlanda veldur því að fólk skynjar landamæri ríkjanna almennt ekki sem hindrun. Auk almennra viðskipta og ferða til og frá vinnu teygja fjölskyldur, tómstundastarf, ferðaþjónusta, vinatengsl, starfsemi félagasamtaka og félagsleg tengslanet sig yfir landamæri án tillits til þess hvert ríkið er. Reynslan af slíkri samveru og hversdagslegum athöfnum sem spanna landamæri er einn af hornsteinum norrænnar samkenndar og samþættingar þjóðanna. Á formennskutíma Finna er fyrirhugað að þjóðirnar deili reynslu sinni og dragi lærdóm af þeim sérstöku aðstæðum sem myndast hafa vegna heimsfaraldursins. Meðal annars er fyrirhugað að varpa ljósi á þetta með rannsóknarverkefni þar sem grafið verður fyrir um **hindranir sem standa í vegi frekari samþættingar á Norðurlöndum með því að rannsaka samfélagslegar afleiðingar ferðatakmarkana milli norrænu ríkjanna í COVID-19-faraldrinum**, í ljósi þess að heimildir til frjálsra ferða milli landanna höfðu þegar verið skertar nokkur undanfarin ár.

Árin 2021–22 verður því fagnað að 100 ár eru liðin frá því að Álandseyjar fengu sjálfstjórn. Með vísan til þess að lýðræðisleg samfélagsskipan á sér djúpar rætur á Norðurlöndum er fyrirhugað að beina á formennskutímanum sérstakri athygli að þátttöku Færeyinga, Grænlandinga og Álandseyinga í Norðurlandasamstarfinu við hlið norrænu þjóðríkjanna og hvernig sú þátttaka gerir lýðræðið á Norðurlöndum sjálfbærara – en samstarf sem þetta er mjög óvenjulegt í alþjóðlegu samhengi. Til að varpa ljósi á þá **virku samstarfshætti sem samþætting norrænu ríkjanna byggist á** boða ríkisstjórn Finnlands og landsstjórn Álandseyja til alþjóðlegrar ráðstefnu í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina, og verður þar fjallað sérstaklega um norrænt samstarf frá þessu sjónarhorni lýðræðislegrar sjálfbærni.

Mál er varða samfélagsöryggi verða nú æ mikilvægari í ljósi þess að loftslagsbreytingar valda stöðugt aukinni hættu á náttúruhamförum á Norðurlöndum, rétt eins og annars staðar í heiminum. Með því að læra af fenginni reynslu verðum við betur undir það búin að takast á við næsta heimsfaraldur eða aðra atburði sem ógna öryggi í samfélaginu. Samvinna ríkisstjórna landanna um uppbyggingu afhendingaröryggis og viðbúnaðar, með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar þegar þörf gerist, tengist einnig málefnum sem nefnd hafa verið í tilmælum Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi.

Aðgangur að menningu og listum, og tækifæri til ástundunar þeirra, eru einnig grundvallarforsenda þess að við getum skilið, brugðist við og unnið úr nýjum aðstæðum og úrlausnarefnum – svo sem nauðsynlegri eflingu græna hagkerfisins eða óvæntum krísum á borð við COVID-19-faraldurinn.

Með því að læra af fenginni reynslu verðum við betur undir það búin að takast á við næsta heimsfaraldur eða aðra atburði sem ógna öryggi í samfélaginu.



Saman

Finnar vilja á formennskutíma sínum þróa alþjóðasamstarf Norrænu ráðherranefndarinnar áfram á grundvelli framtíðarsýnarinnar. Unnið verður að frekari útfærslu stuðnings við sífellt nánari samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í samræmi við áhersluatriði framtíðarsýnarinnar svo og verkefni sem unnið er að í Norðvestur-Rússlandi og í samvinnu við nágrannaríkin í vestri. Þá verður stuðlað að frekari þróun verkefna ráðherranefndarinnar á stefnulega mikilvægum svæðum víða um heim í samvinnu við utanríkisþjónustur norrænu ríkjanna. Norðurlönd láta einnig mikið til sín taka á norðurskautssvæðunum, enda tilheyra lönd okkar þeim heimshluta ýmist að fullu eða að hluta til. Við höfum öll hag af því að íbúar á norðurslóðum geti byggt upp atvinnustarfsemi í hinu viðkvæma umhverfi þessara svæða, sem við viljum standa vörð um. Í öllum norrænu ríkjunum er fyrir hendi framúrskarandi þekking á málefnum norðurslóða, skýr vilji til að nýta auðlindir svæðisins á sjálfbæran hátt og óhagganleg áform um að virða ákvæði þjóðaréttar. Sú stefna í málefnum norðurslóða sem ríki okkar fylgja á alþjóðavettvangi hefur mikinn stuðning af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið, en hugað verður að framlengingu þeirrar áætlunar á árinu 2021. Frumbyggjaþjóðirnar hafa sérstöðu í náttúrulegu umhverfi norðurslóða og festa ber þá sérstöðu í sessi í samvinnu við þjóðirnar sjálfar. Talið er mikilvægt að huga á formennskutímanum að samstarfi um ófnisleg réttindi frumbyggjaþjóða.

Vorið 2020 skapaðist skyndilega þörf á auknu norrænu samstarfi á ýmsum sviðum og þurftu ríkisstjórnir landanna þá fyrirvaralaust að leita nýrra leiða til að auka samskipti sín. Reynslan af þessu skapar tækifæri til að huga að mótun lipurra samstarfsvenja með stuðningi ýmissa stafrænna lausna sem Finnar vilja safna upplýsingum um á formennskutímanum.

Saman geta norrænu ríkin orðið það afl framfara sem nýtir bestu lausnirnar til að leiða heiminn í átt til friðar, sjálfbærrar þróunar og hagsældar fyrir alla.

Um ritið

Norðurlönd, saman Formennskuáætlun Finnlands 2021

PolitikNord 2020:710

ISBN 978-92-893-6641-0 (PDF)

ISBN 978-92-893-6642-7 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2020-710>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Louise Jeppesen

Mynd: Inngangur - unsplash.com, johner.dk. Græn Norðurlönd - johner.dk, unsplash.com. Samkeppnishæf Norðurlönd - norden.org, unsplash.com, johner.dk. Félagslega sjálfbær Norðurlönd - norden.org, unsplash.com, johner.dk. Saman - unsplash.com, johner.dk

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Fleiri norrænar útgáfur má finna á www.norden.org/publikationer